



Til: Ástu Valdimarsdóttur, ráðuneytisstjóra Heilbrigðisráðuneytis
Frá: Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítala.
Dags: 22.07.2020
Efni: Uppfært áhættumat fyrir starfsemi Landspítala vegna COVID-19 faraldursins.

Þann 15. júlí barst Landspítali bréf frá heilbrigðisráðuneyti þar sem óskað var uppfærslu á áhættumati undirritaðs á frá 20. maí síðastliðnum, í ljósi reynslu og breyttra aðstæðna. Það áhættumat sneri að áhættu fyrir Landspítala af því að ferðatakmörkunum til landsins yrði aflétt.

Í kjölfar erindisins unnu annars vegar, Hildur Helgadóttir í samráði við og fyrir hönd farsóttarnefndar Landspítala, hins vegar Marianna Garðarsdóttir forstöðumaður rannsóknþjónustu Landspítala og staðgengill framkvæmdastjóra þjónustusviðs spítalans uppfærð áhættumöt (meðfylgjandi). Undirritaður fundaði með Hildi og Maríönnu í dag og ræddi einnig áhættumatið á fundi framkvæmdastjórnar og forstöðumanna í morgun.

Landspítali gegnir a.m.k. þrennu hlutverki í viðbrögðum við faraldrinum:

Í fyrsta lagi sinnir sýkla- og veirufræðideild Landspítala greiningu sýna, bæði hjá einstaklingum grunuðum um COVID-19 sýkingu en einnig, frá 14. júlí öllum sýnum sem greinast í landamæraskimun og seinni skimun. Nýja verkefninu fylgir áhætta, einkum hvað varðar tækjamál og hættu á bilun tækja, mönnun skimunarverkefnis og veikindi eða hugsanlega sóttkví starfsmanna, birgðastöðu hvarfefna, sýnatökusetta og rekstrarvöru. Önnur áhætta sem er til staðar er sú að fjöldi sýna vegna skimunar á landamærum fari yfir þá getu sem er til staðar til greiningar og er þá hætta á töfum í sýnasvörun. Breyttir verkferlar með greiningu 5 sýna saman minnkar þá áhættu verulega.

Í öðru lagi þá sér Landspítali um einstaklinga með virkt COVID-19 smit, bæði með COVID göngudeild en einnig viðeigandi meðferð og innlögnum eftir því sem þarf. Endurskoðað áhættumat vegna afléttingar ferðatakmörkana leiðir í ljós að álag á spítalann tengt umsjón sjúklinga með COVID-19 er nú heilt yfir lítið. COVID göngudeild annar sínum verkefnum en talsverða yfirvinu og tilfærslur á sumarleyfum þarf til þess. Enginn sjúklingur hefur frá því skimun á landamærum var tekin upp 15. júní þurft innlögna á spítalann vegna COVID-19. Staðbundið álag á spítalann í sumar vegna farsóttarinnar hefur verið á COVID göngudeild, sýkingavarnadeild og farsóttarnefnd. Önnur starfsemi tekur mið af því að nú standa sumarleyfi sem hæst, nokkuð er um lokuð legurými, en aðstaða fyrir COVID sjúklinga er til reiðu. Ef til innlagna vegna COVID-19 kæmi yrði mönnun áskorun (sérstaklega á gjörgæslu) og þyrfti að kalla fólk inn úr sumarleyfum. Svipuðu skema við að skala upp þjónustu yrði fylgt og í vor. Sérstakar varúðarráðstafanir eru í gildi á spítalanum vegna sjúklinga, starfsfólks og nema sem koma erlendis frá, til að draga úr líkum á að smit berist inn í viðkvæma starfsemi.

Í þriðja lagi þá hefur verið sérstakt verkefni Landspítala, frá því í mars, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda, að halda utan um birgðir í landinu öllu af hlífðarbúnaði og búnaði til sýnatöku, til greiningar og til meðhöndlunar sjúklinga tengt covid-19 farsóttinni. Jafnframt að tryggja innkaup þessa búnaðar. Þetta hefur gengið vel og mat spítalans er að staða á þessum búnaði sé góð eins og sakir standa í landinu og að nóg sé til þótt svo illa vildi til að fjölgaði í hópi sýktra.

Niðurstaða mín er sú að þótt áskorun yrði að bregðast við stórum faraldri á meðan sumarleyfi starfsmanna standa sem hæst, þá sé Landspítali nú vel í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu í viðbrögðum gegn COVID-19 farsóttinni.